

FUNDARGERÐ

Árið 2016, þriðjudaginn 24. maí kl. 09:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar á Kontornum Veitingahús, Túngötu 1 – 3 á Grenivík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð. Nefndarmaðurinn Birgir Björn Sigurjónsson var fjarverandi.

Að auki sátu fundinn Elín Pálsdóttir fyrrverandi forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu sat fundinn þegar fjallað var um heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 22. apríl 2016

Lögð fram fundargerð frá 22. apríl 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Framlög vegna sérstakra verkefna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. maí 2016 ásamt bréfi UNICEF á Íslandi dags. 13. maí 2016 vegna umsóknar Akureyrarkaupstaðar um styrk frá Jöfnunarsjóði vegna þátttöku sveitarfélagsins í tilraunaverkefni um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í verkferla sveitarfélagsins. Í bréfi Akureyrarkaupstaðar er ítarlega útskýrt í hverju tilraunaverkefnið felst og bent á að þátttaka þeirra muni auðvelda öðrum sveitarfélögum að standa að innleiðingu Barnasáttmálans. Akureyrarkaupstaður sækir um styrk að upphæð 2.600.000 kr. vegna innleiðingarferilsins og ferðakostnaðar vegna fulltrúa UNICEF á Íslandi.

Nefndin ræddi mögulegar umsóknir annarra sveitarfélaga um styrk til Jöfnunarsjóðs tækju þau þátt í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Eftir nokkra umræðu samþykkti nefndin að veita Akureyrarkaupstað styrk til verkefnisins að upphæð 2.600.000 kr. sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með eftirfarandi bókun:

Styrkveitingin er ekki fordæmisgefandi enda sé verkefnið stutt sem tilraunaverkefni Akureyrarkaupstaðar og skuli reynslan sem hljótist af verkefninu nýtast öðrum sveitarfélögum við innleiðingu Barnasáttmálans. Óskað verði eftir skýrslu Akureyrarkaupstaðar við lok verkefnisins, sem sett verði inn á heimasíðu sveitarfélagsins, aðgengileg öðrum sveitarfélögum.

3. Sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 23. maí 2016 ásamt gögnum sem lögð voru fram á fundi nefndarinnar 22. apríl sl. sem voru reglur nr. 295/2003, vinnureglur og bréf innanríkisráðuneytisins dags. 20. apríl 2016. Á síðasta fundi kom fram að nefndin væri sammála því sem kom fram í bréfi innanríkisráðuneytisins um að hækka þyrfti framlögin í vinnureglum frá 18. apríl 2008 er varðaði a. og b. lið í 1. gr. reglna um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nr. 295/2003.

Eftir nokkra umfjöllun ákvað nefndin að samþykka framlagða tillögu í minnisblaði Jöfnunarsjóðs dags. 23. maí 2016 um hækkun framlaganna. Hækkunin nemur 20% til viðbótar uppreiknuðum framlögum m.v. neysluverðsvísitölu frá apríl 2008. Nefndin var sammála um að jafnframt þyrfti að endurskoða 3. gr. reglnanna hvað framlögin til endurskipulagningar þjónustu og stjórnáætlunar varðar. Jafnframt þyrfti að endurskoða vinnureglurnar í heild sinni og lagði nefndin til að sú vinna hæfist fljótlega í septembermánuði n.k.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKIS

4. Viðbótarframlag 2016

Lögð voru fram fyrstu drög að útreikningum viðbótarframlagsins 2016. Greint var frá gögnum sem sjóðurinn þarf til útreiknings framlagsins, hvar upplýsingaöflunin væri stödd og hvenær henni lyki. Um er að ræða 400 m.kr. viðbótarframlag sem skipta þarf á milli þjónustusvæðanna vegna þjónustu við fatlað fólk. Farið var yfir mögulega aðferðarfræði vegna skiptingar framlagsins og ýmsir þættir ræddir eins og að þeim svæðum sem glíma við mikinn fjárhagshalla verði bættur hann sérstaklega af heildarúthlutun framlagsins. Mikilvægt sé að nefndin komist hið fyrsta að niðurstöðu um aðferðarfræðina sem beita skuli við skiptingu framlagsins.

Nefndin ræddi reynsluna sem komin væri af samvinnu sveitarfélaganna í málaflokknum, erfiða fjárhagsstöðu nokkurra þjónustusvæða og þá sérstaklega vanda byggðasamlags Vestfjarða. Í skýrslu R3 ráðgjafa ehf. koma fram nokkrir þættir sem taka mætti til skoðunar við fjárhagslegt endurmat á hagkvæmni yfirfærslunnar og þau vandamál sem upp hafa komið. Mikilvægt sé að skoða hvort önnur form samvinnu eða leiðandi sveitarfélags í málaflokknum væru heppilegri. Nauðsynlegt sé að kalla eftir greinargerðum frá þjónustusvæðunum um stöðu málaflokksins eins og hún er nú en jafnframt æskilegt að nefndin ljúki formlega afgreiðslu á úttekt R3 ráðgjafa ehf. um uppgjör á rekstri þjónustusvæðanna fyrstu fjögur ár yfirfærslunnar.

Nefndin samþykkti að helmingi 400 m.kr. viðbótarframlagsins skyldi deilt út til þjónustusvæðanna samkvæmt þeirri aðferð sem stuðst er við í þeim drögum að útreikningum sem lagðir voru fram á fundinum. Rætt var að mögulega væri hægt að afgreiða málið á sérstökum símafundi áður en næsti fundur nefndarinnar verður haldinn.

Undirbúningur reglna vegna framlaga 2017

Varpað var upp á skjá yfirliti, frá síðasta fundi nefndarinnar 22. apríl sl., yfir þætti sem nefndin telur mikilvægt að tekið verði tillit til og athugaðir frekar við mælingu á útgjaldþörf vegna undirbúnings nýrrar reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk fyrir árið 2017. Nefndin tók upp þráðinn frá því sem horfið var og ræddi vægi einstakra atriða m.a. í tengslum við öryggisvistunarmál fatlaðra, börn með fjölpættan vanda, Sólheima og rekstur vegna búsetuþjónustu þar sem ekki er búsetuþjónusta fyrir. Helsta vandamálið vegna umræddra útgjaldaliða er bundið því að ekki sé til ákveðin skilgreining um hvaða hóp fatlaðra einstaklinga sé um að ræða. Nauðsynlegt sé að ná utan um skilgreiningu hvers hóps fyrir sig varðandi útgjaldaliði reglugerðarinnar en SIS matið, sem tilbúið verður með haustinu, muni væntanlega breyta einhverju þar um, en verði þó að skoðast frekar.

Nefndin ræddi að í sumum tilvikum væri æskilegra að verkefni væru á forræði velferðarráðuneytisins en þar er einmitt verið að skoða málin sérstaklega varðandi öryggisþætti og vistun vegna fatlaðra einstaklinga. Starfsmenn sjóðsins ætla að skoða málefni Sólheima frekar, en þar er reksturinn mikill miðað við fjölda þeirra fötluðu einstaklinga sem þarfnast lítillar þjónustu. Rætt var um kostnaðargreiningu sem mun fara fram með haustinu vegna búsetuáætlunar þar sem fáir einstaklingar dvelja og reksturinn því kostnaðarsamari en

ella. Nefndin mun á komandi fundum halda áfram að skoða þætti sem taldir eru mikilvægir við undirbúning nýrrar reglugerðar fyrir árið 2017.

5. Leigusamningar við Brynju hússjóð ÖBI

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. maí 2016 ásamt bréfi Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 20. maí 2016. Í erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar kemur fram að sveitarfélagið telji tillögu um 14,9 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði til að mæta kostnaði þeirra vegna langtímaleigusamninga sem ríkið gerði við Brynju, hússjóð ÖBI of lágt. Endurgjald sveitarfélagsins vegna húseigna Brynju sé langt umfram leiguverð á almennum markaði í sveitarfélaginu og muni þar um 2 m.kr. á mánuði. Ofgreiðsla sveitarfélagsins vegna þessara samninga sé því um 24 m.kr. á ári. Því er óskað eftir að jöfnunarframlag vegna umræddra samninga verði sem næst 20 m.kr. á ári. Í útreikningum í minnisblaði starfsmanns kemur fram að miðað við þessa hækkun myndi árlegt heildar framlag sjóðsins vegna þeirra sveitarfélaga, sem falla undir viðmið vegna langtímaleigusamninganna, hækka úr 50 m.kr. í rúmar 68,5 m.kr.

Nefndin ítrekaði frá fundinum 22. apríl sl. að nauðsynlegt væri að leysa málið hið fyrsta og samþykkti tillögur í minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs um hækkun framlagsins. Samþykktin nærði til ársins 2016 og skyldi þá endurskoðuð. Nefndin hafnaði þátttöku í kostnaði vegna dráttarvaxta og lögfræðikostnaðar, sem orðið hefur vegna málsins. Á grundvelli heimildar í c. lið 2. gr. vinnureglna um Fasteingasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti nefndin að leggja til að leitað yrði til ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs um að fjármagni úr sjóðnum yrði ráðstafað sérstaklega til þessa verkefnis.

6. Önnur mál

Heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 22. maí 2016 þar sem starfsemi og vöxtur sjóðsins eru rakin.

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri á skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga fór yfir stöðuna hvað heildarskoðun Jöfnunarsjóðs varðar. Í máli hans kom fram að starfshópur sem endurskoðaði regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skilaði tillögum um breytingar á regluverki sjóðsins árið 2010 hafi bent m.a. á að framlög sjóðsins taki ekki með nægjanlega skýrum hætti mið af útgjaldþörf sveitarfélaganna og hafi mörg verkefni bæst við sem hafi ekki með útgjaldþarfir þeirra né tekjumöguleika að gera. Ástæðurnar megi rekja til þess að verkefnin séu tilkomin vegna samninga ríkis og sveitarfélaga um fjármálaleg samskipt en afleiðingarnar hafa m.a. verið þær að sveitarfélög sem ekki hafa þörf fyrir framlög úr Jöfnunarsjóði vegna hárra tekna og fá að hluta til óskert framlög úr sjóðnum.

Lagði starfshópurinn meðal annars til að þróa yrði nákvæmt útgjaldajöfnunarkerfi sem gefi nauðsynlegan grunn til að meta útgjaldþörf sveitarfélaga. Í kjölfarið skipaði innanríkisráðherra vinnuhóp sem settur var á laggirnar í lok árs 2010 til að þróa útgjaldamælingarkerfi sem ætlað er að endurspeglar sem best útgjaldþarfir sveitarfélaga vegna lögbundinna og venjubundinna verkefna.

Vinnuhópur hefur unnið með tillögur starfshópsins frá 2010 í innanríkisráðuneytinu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í vinnuhópnum, sem starfað hefur með hléum frá því á árinu 2010, eru Karl Björnsson og Jóhannes Á. Jóhannesson frá Sambandinu, Hermann Sæmundsson, Elín Pálsdóttir, Guðni Geir Einarsson og Bergur Sigurjónsson frá innanríkisráðuneytinu og Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ er fulltrúi sveitarfélaga í hópnum.

Verkefnið er viðamikl og flólkið enda um nýja hugmyndafræði að ræða hvað aðferðir vegna jöfnunar á útgjöldum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Í stuttu máli er kjarninn í nýjum aðferðum sá að þeim verði beitt við jöfnunaraðgerðir þar sem:

- Framlög með jöfnunartilgang verði sameinuð í eitt jöfnunarframlag. Jöfnunarframlög vegna málaflokks fatlaðs fólks verða þó undanskilinn hér.
- Fundnar verði nýjar leiðir til að meta útgjaldaþarfir sveitarfélaga vegna lögbundinna verkefna.
- Tekið er mið af hámarkstekjum sveitarfélaga af útsvari og fasteignaskatti en framlag ræðst síðan af mismun mældra útgjalda og tekna.

Markmið nýrrar hugmyndafræði er að fjármunum sjóðsins verði betur varið með markvissari jöfnunaraðgerðum og fjármunir fari í ríkara mæli þangað sem þeirra er þörf. Jöfnunarkerfið yrði jafnframt einfaldað.

Fram kom að árið 2014 hafi vinnuhópurinn farið til Noregs þar sem hann kynnti sér norska jöfnunarkerfið og hefur afrakstur þeirrar ferðar nýst vel við hönnun nýs reiknilíkans fyrir Jöfnunarsjóðinn. Lögð voru fram drög að nýju reiknilíkani sem tekur mið af norska módelinu. Í reiknilíkaninu er notast við útgjaldamælingu þar sem óstýranlegar breytur eru forsendur jöfnunar eins og t.d. fjöldi, aldur og félagsleg samsetning íbúa, tekjur og félagsleg uppbygging sveitarfélags. Dregin var upp mynd af tveimur sveitarfélögum og þau mátuð og skoðuð í ljósi nýja reiknilíkansins.

Samhljómur var á fundinum um það að með nýju kerfi og breyttum áherslum muni yfirsýnin verða meiri. Framlöggin verði ekki eins hólfaskipt og þannig muni fjármagnið renna þangað sem þörfin væri mest. Upplýsingar í kerfið yrðu sóttar í ársreikninga sveitarfélaganna og yrði því framlagið í takti við breytileg árleg útgjöld sveitarfélaganna.

Reiknilíkanið er enn ekki fullmótað og áfram þarf að slípa nokkra hnökra frekar. Vinna við líkanið muni fara að fullu af stað aftur með haustinu og muni þá fleiri verða kallaðir til verksins. Stefnt er að því að nýtt kerfi verði kynnt fyrir sveitarfélögum vorið 2017.

Fundi var slitið kl. 12:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Bjarni Jónsson

Valdimar O. Hermannsson

Sigríður Huld Jónsdóttir